



Työ- ja elinkeinoministeriö
Arbets- och näringsministeriet

Þingmenn Norðurlandaráðs

1/1
VN/19339/2024

SVAR VIÐ SKRIFLEGRI FYRIRSPURN E 20/2024 UM KJARNORKU

Helge André Njåstad og Marius Arion Nilsen, þingmenn Norðurlandaráðs, beindu fyrirspurn til finnsku ríkisstjórnarinnar um kjarnorku.

Finnska ríkisstjórnin styður við aukningu á kjarnorku. Finnska ríkisstjórnin mun endurnýja lög um kjarnorku og reglugerðir sem á þeim eru byggðar í síðasta lagi árið 2026. Með endurskoðuninni á að bæta forsendur fyrir uppsetningu kjarnakljúfa í litlum einingum (SMR) til raforku- og hitaframleiðslu, t.d. til að mæta þörfum iðnaðarins, vetnishagkerfisins og fjarvarmakerfa. Finnland styður við fjárfestingarlausnir fyrir kjarnorkuverkefni, ýtir undir þróun og innleiðingu nýsköpunar í tengslum við kjarnorku og styður við kjarnorku á vettvangi ESB.

Finnland og Svíþjóð vinna saman á sviði kjarnorkumála. Í báðum löndunum stendur yfir þróunarvinna varðandi regluverk á þessu sviði og samráð á milli yfirvalda. Jafnframt vinna rannsóknarstofnanir og fyrirtæki saman að tækniþróun og verkefnum.

Finnska ríkisstjórnin er jákvæð gagnvart ítarlegri samstarfi á sviði kjarnorkumála á milli norrænu landanna. Meðal annars má auka samstarfið með því skiptast á upplýsingum um bestu starfsvenjur, stunda rannsóknir í tengslum við öryggi og tækni ásamt því að komast að því hvort nýta megi núverandi norrænar fjárfestingarleiðir með heildstæðari hætti en nú er til þess að styðja við kjarnorku. Einnig ættu norrænu löndin að geta verið í fararbroddi þegar kemur að því að nýta kjarnorku til að mæta þörfum iðnaðarins, vetnishagkerfisins og fjarvarmakerfa.

Þá búa norrænu löndin yfir mikilli þekkingu á sviði kjarnorkumála sem vekja mætti athygli á í sameiningu utan svæðisins. Í framtíðinni munu norrænu löndin geta beitt sér af meiri krafti í tengslum við starfsumhverfi kjarnorkuiðnaðarins á sviði ESB.

Helsingfors, 28. júní 2024

Kai Mykkänen,
umhverfis- og
loftslagsráðherra

VN/19339/2024-TEM-4

Seuraavat henkilöt ovat allekirjoittaneet tämän asiakirjan sähköisesti /

Eftirfarandi einstaklingar undirrituðu skjal þetta rafrænt /

This document has been signed electronically by the following persons: